

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá og fréttabréf 2008

1. tbl. 12. árg.

Apríl 2008

Ábyrgðarm. Ína Gísladóttir



Fjöllin fimm í Fjarðabyggð

Í Gönguvíku Fjarðabyggðar 21. – 28. júní verður gengið á öll fjöllin fimm. Áskorun fyrir fólk á öllum aldri.

Sjá ferðadagskrána og heimasíðuna þegar nær dregur.

Ferðadagskrá, allar upplýsingar um félagið,
myndir úr ferðum og fleira á heimasíðu félagsins
<http://www.simnet.is/ffau>
netfang seldalur@centrum.is

Geymið þetta eintak og komið með okkur í ferðir
Mottó sumarsins "Finnum náttúrubarnið"
Allir velkomnir

Ferðadagskrá

Ferðafélags Fjarðamanna 2008

21. mars. Föstudagurinn langi. Píslarganga á skíðum. 🐾 🐾 🐾
Svínadalur. Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson
Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

23. mars. Páskadagur. 🐾
Hefðbundin hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði.
Fararstjóri Ína D. Gísladóttir
Mæting kl. 06:00 að morgni við vitann á Bakkabökkum.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

26. apríl. “Fögnum sumri á Reyðarfirði” 🐾
Bæjarferð þar sem blandað er saman fróðleik – léttri göngu og skemmtun. Saga bæjarins í stuttu máli, komið við í Stríðsárasafninu.
Leiðsögumaður Einar Þorvarðarson. Mæting kl. 10:00 við kirkjuna.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

10. maí. Árleg fuglaskoðun og fuglatalning á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. 🐾
Samvinnuferð Náttúrustofu Austurlands og Ferðafélagsins.
Sérfræðingar Náttúrustofu stjórna talningu. „Fuglaskóp“ á staðnum.
Mæting á leirunum á háfjöru á Norðfirði kl. 11:00 og
Reyðarfirði kl. 11:30. Frítt fyrir alla

24. maí. Út í vorið. Kvöldganga í Norðfirði. 🐾
Mæting kl. 20:00 við skála hestamannafélagsins Blæs á Kirkjubólseyrum.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.



Maí – júní

31. maí – 1. júní. Lónsheiði, Papey. 🇮🇸 🇮🇸

Sameiginleg helgarferð Ferðafélags: Fljótsdalshéraðs, Fjarðamanna, Suðurfjarða og Djúpavogs.

Farið frá Djúpavogi kl. 9:00 laugard. 31 maí. Gengin Lónsheiði og gist á Djúpavogi. Siglt í Papey á sunnudeginum kl. 10:00
Fararstjóri: Katrín Gísladóttir auk leiðsögumanns í Papey.
Verð 13.000. Innifalið í verði er: rúta frá Djúpavogi, gisting og morgunmatur í svefnpokaplássi, sigling í Papey og fararstjórn.
Mæting við Hótel Framtíð kl. 08:30.
Skráning í síma 863-5813 f. kl. 20:00 fimmtud. 28. maí.

14. – 15. júní. Viðfjörður – Barðsnes. 🇮🇸 🇮🇸 til 🇮🇸 🇮🇸 🇮🇸

1. dagur:

Siglt frá Norðfjarðarhöfn til Viðfjarðar. Gengið í Sandvíkurskarð og þaðan út að Barðsnesi. Glæsilegt útsýni úr Skarðinu.
Gist á Barðsnesi.

2. dagur:

Gengið í Skollaskarð og þaðan upp á Vatnshól. Farið í Mónes og út fjörur að einstökum steingerfingum og síðan í bakaleið út á Hornfont. Siglt til baka frá Barðsnesi ef veður leyfir annars frá Viðfirði. Litskrúð í líparíti, rústir, sögur, fuglalíf og einstakt útsýni ef vel viðrar. Kvöldmatur á laugardag innifalinn. Þátttakendur koma með annað nesti og svefnpoka. Hámarksfjöldi 20 manns.
Verð kr. 8.000 fyrir félagsmenn og 10.000 fyrir aðra.
Skráning hjá fararstjórum, Ínu s. 894-5477 og Lullu s. 863-3623 á fimmtudagskv. fyrir ferð.



Júní

Gönguvika í Fjarðabyggð

Gönguvika í Fjarðabyggð 21. – 28. júní.

Boðið uppá gönguferðir auk annarra viðburða í samvinnu við ferðaðþjónustuaðila í Fjarðabyggð. Nánar auglýst síðar á heimasíðu félagsins: simnet.is/ffau ; fjardabyggd.is ; mjoeyri.is

“Fjöllin fimm” fyrir þá hraustu.

Öll gengin í gönguvíkunni.

Sérstök Gönguvikuhefti fyrir væntanlega

Gönguvikufjallagarpa Fjarðabyggðar. Fylgist með tímasetningu á heimasíðunni okkar

21. júní. “Sólstöðuganga.”

Gengið á Mosfell í Stöðvarfirði (Fjallið fyrir ofan Kambanes).

Mæting kl. 20:00 við eyðibýlið Hvalnes.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna, frítt fyrir börnin

22. júní. Sögusteinar

Morgunganga í Skuggahlíð. Álfasteinn, Einbúi og

Mundlaugarsteinn heimsóttir. Mæting við Grænanesveg kl. 10.00

Steinunn Steinþórsdóttir tekur á móti okkur

28. júní. “Fjörufurð í Vöðlavík”.

Ferð fyrir alla fjölskylduna.

Byggðir sandkastalar, hver er of gamall til að leika sér við ölduna?

Boðið upp á lummur og kakó.

Mæting kl. 13:00 við Karlsstaði.

Verð kr. 500 f. fullorðna og frítt fyrir börnin.

Júlí

5. júlí. Jarðfræðiferð á Skúmhött (1230m) í Skriðdal. 

Skúmhöttur er hluti af Þingmúlaeldstöðinni. Mjög fallett fjall og tilkomumikið útsýni. Fararstjóri: Einar Þórarinsson jarðfræðingur.

Mæting kl. 10:00 við Þórisá utan við Litla-Sandfellsskóg.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

5-6. júlí. Dalatangi- Skálanes- Brekka.

Tveggja daga gönguferð fyrir hressa göngugarpa í ævintýrlega fallegu umhverfi.

1. dagur: Göngufólk hittist á hlaðinu á Sólbrekku í Mjóafirði kl. 9:00. Sameinað í bíla og ekið út á Dalatanga. Lagt upp frá Dalatanga. Kl. 10:00 gengið um Afrétt og Afréttarskarð að Skálanesi í Seyðisfirði.

2. dagur: Gengið um Austdal og um Brekkugjá til Brekku í Mjóafirði.

Innifalið í ferðinni er: Fararstjórn, gisting, kvöld- og morgunverður á Skálanesi og leiðsögn um svæðið.

Verð kr. 8.000 fyrir félagsmenn en 10.000 fyrir aðra.

Fararstjóri er Bjarni Aðalsteinsson.

Skráning í síma 477-1583 og 894-6587 fyrir maílok.

13-18. júlí. Fimm daga sumarleyfisferð um Gerpissvæðið.

Sjá myndir á heimasíðu

1. dagur: Gengið frá Oddsdal í Norðfirði til Vioðfjarðar um Op, Grákoll og Dys. Gist í Viðfirði.

2. dagur: Gengið út að Barðsnesbæ. Ef viðrar verður gengið frá Stuðlum upp í Sanvíkurskarð þar sem útsýni er frábært um Sandvíkina. Gist á Barðsnesi.

3. dagur: Við skoðum þann hluta Barðsness, perlu Gerpissvæðisins, sem við komumst yfir. Gist á Barðsnesi.

4. dagur: Til baka í Viðfjörð, unað við það sem hugurinn girnist eftir veðri og löngun, kvöldganga og gistig.

5. dagur: Gengið um Viðfjörð og Hellisfjörð með sjó til Grænanes í Norðfirði, sund og lokaveisla í Seldal í Norðfirði þar sem gist verður síðustu nóttina.

Verð kr. 27.000 fyrir félagsmenn en kr. 30.000 fyrir aðra.

Fararstjórar: Laufey Þóra Sveinsdóttir og Ína D. Gísladóttir.

Skráning fyrir maílok í s. 894-5477 og 477-1226 og seldalur@centrum.is

Júlí - ágúst

19. júlí. Kistufell (1239 m) í Reyðarfirði. 🐾🐾🐾

Eitt af stimpilfjöllumunum fimm í Fjarðabyggð. Munið að hafa stimpilheftin með! Mæting við Áreyjar kl. 10:00

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

9. ágúst. Stöðvarskarð. 🐾🐾

Gengið frá Fáskrúðsfirði til Stöðvarfjarðar.

Mæting kl. 10:00 við Melrakkaeyri í sunnanverðum Fáskrúðsfirði.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

16. ágúst. Lambeyrarskarð. 🐾🐾

Gengið frá Eskifirði um Lambeyrarskarð yfir í Seldal, þar sem verður grillað í ferðarlok. (grillmáltíð innifalin í verði). Mæting ofan við Eskifjörð á gamla vegarspottanum kl. 10:00. Fararstjóri: Ína D. Gísladóttir.

Verð kr. 2.500 fyrir fullorðna og 1.000 fyrir börn (8 - 15 ára), frítt fyrir yngri börn

23. ágúst. “Í fótspor bresku hermanna 1942.” 🐾🐾🐾

Ferð breskra hermanna sem hér voru í seinni heimstyrjöldinni, þessir hermenn lentu í miklum hrakningum á leiðinni og nokkrir þeirra urðu úti en hinir komust við illan leik að Veturhúsum í Eskifirði

Gengið upp Svínadal til Tungudals og sá dalur genginn út á Eskifjarðarheiði til Eskifjarðar, um þ.b. 30 km. Mæting við Stríðsárasafnið “uppí Camp” kl. 9:00. Fararstjóri : Árni Ragnarsson. Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

30. ágúst. “Leitað að steinboganum” 🐾🐾🐾

Gengið frá Eskifjarðarseli upp í Öskjubotn og þaðan uppá Kambfell.

Kíkt á steinbogann í Teigagerðistindi. Komið niður í Ljósárdal

Reyðarfjarðarmegin. 7-8 klst. ganga. Mæting við Eskifjarðarsel kl. 10:00.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.

6. sept. Hjólatúr.

Hjólað frá göngum, út Reyðarfjörð, inn Fáskrúðsfjörð í gegnum göngin. Vegalengd 65 km.


Mæting á bílastæðinu við göngin Reyðarfjarðarmegin kl. 10:00

Fararstjóri: Árni Ragnarsson.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna og frítt fyrir börnin.



Þorgerður formaður ferðanefndar og Kiddi sem er með kollinn fullan af ferðahugmyndum



Spáð í steina

Félagsfréttir

Örfréttir af félagsstarfi. Starfsemi liðins árs hefur gengið ágætlega en án stórtíðinda, góð nýting á Karlsstöðum þar sem síðastliðið sumar hófst skálavarsla sem sinnt var af sjálfboðaliðum. Forsenda þess er lítið gæsluhús sem búið er að fullbúa og skálaverðir fá til umráða, það er afar notaleg vistarvera. Hér með auglýsum við eftir sjálfboðaliðum fyrir komandi sumar. Þá eru sturtur komnar í gagnið og virka vel. Ferðanefndin vann sitt verk frábærlega vel eins og þetta plagg sýnir og fararstjórum ber að þakka fyrir sinn dýrmæta tíma. Gönguleiðanefndin vann að athugun á leiðun og tilhöggningu stika sem bíða þess nú að vera virkjaðar sem leiðarvísar, þar vantar fólk til starfa þegar stikun hefst. Göngukortið hélt áfram að seljast og leiðafóstrar sinntu sínu mikilsverða starfi á merktu leiðunum. Þátttaka í ferðum var almennt góð og ferðirnar allar vel heppnaðar. Almennt er starfið þó á of fárra herðum og allt of lítið um að fólk gefi sig fram til þess að sinna verkefnum sem félagsstarfinu fylgja. Endilega gefið ykkur fram og njótið þess að vinna að uppbygginglegum verkum í góðum félagsskap. Ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur dagskrána og hika ekki við að taka þátt. Allar ferðir okkar eru fjölskylduferðir, úti í náttúrunni verða allir að börnum.

Ína Gísladóttir formaður



Karlsstaðir Vöðlavík

Pantanir í síma 894-5477 Ína

Eldað á gasi, góður borðbúnaður, sturta, góður matsalur
Sjálfbóðaliðar við skálavörslu óskast. Lulla sími 863-3623

Aðalfundur Ferðafélags Fjarðamanna

verður í Safnaðarheimili Reyðarfjarðar

fimmtudaginn 17. apríl kl. 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf
Kaffi og kynningar. Sævar Guðjónsson segir frá Gönguviku í
Fjarðabyggð, kynntar verða nokkrar ferðir af dagskránni og
Norðfjarðarbók Hálfðanar Haraldssonar sem kemur út í vor.

Gönguleiðakortið okkar “Fjarðaslóðir austast á
Austfjörðum“ er ómissandi ferðafélagi.

Fæst víða á Austurlandi

